

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2192  
komudagur 8.5. 2012

## Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Jóhanna Ingadóttir [hannapanna1963@hotmail.com]

Sent: 8. maí 2012 21:33

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Ég undirrituð, Jóhanna Ingadóttir, er mótfallin því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og telað það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni viðhöfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar viðtúnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt – ef ekki galið – að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er íhæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njótaóspilltrar náttúru. Náttúruvæði í námunda við þéttbýli hafa aldrei veriðverðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara íverndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnarsjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Ingadóttir (kt. 080363-7969)  
Sæviðarsundi 29  
104 Reykjavík